


Jaðarbyggðir á Vesturlandi



© Ásgeir Björn

Atvinnuráðgjöf Vesturlands 1999

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur.....	2
2	Þróun íbúafjölda og aldursskipting.....	3
2.1	Akranes.....	5
2.2	Borgarfjörður utan Akraness.....	5
2.3	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.....	7
2.4	Dalasysla.....	8
3	Atvinnulíf á Vesturlandi.....	9
3.1	Akranes.....	9
3.2	Borgarfjörður utan Akraness.....	10
3.3	Snæfellsnes og Hnappadalssýsla.....	10
3.4	Dalasysla.....	10
4	Menntunarmöguleikar.....	11
5	Lífsgæði.....	13
5.1	Tekjur.....	13
5.1.1	Akranes.....	14
5.1.2	Borgarfjörður utan Akraness.....	14
5.1.3	Snæfellsnes og Hnappadalssýsla.....	14
5.1.4	Dalasysla.....	15
5.2	Húshitunarkostnaður.....	15
5.3	Verslun og verðlag.....	15
6	Samgöngur.....	17
6.1	Vegasamgöngur.....	17
6.2	Flugsamgöngur.....	18
6.3	Fjarskipti.....	18
6.4	Hafnir.....	19
7	Niðurstöður.....	20

1 Inngangur

Í þessari skýrslu verður fjallað um hugtakið "jaðarbyggð" og reynt að varpa ljósi á hvaða byggðir í Vesturlandskjördæmi falla undir hugtakið. Unnið er út frá viðfangsefninu að:

Greina þær byggðir í Vesturlandskjördæmi sem samkvæmt skilgreiningu Bygðastofnunar flokkast sem jaðarbyggð í búsetulegu tilliti.

Jaðarbyggð kallast það sveitarfélag eða svæði sem misst hefur yfir 10% íbúa sinna á tíu ára tímabili. Reynt verður að varpa ljósi á ástand atvinnu- og byggðamála í kjördæminu og til að auðvelda greiningu þess stuðst við nýlegar kenningar um búsetumál sem fram koma í skýrslu Bygðastofnunar; Búseta á Íslandi, sem unnin var af Stefáni Ólafssyni prófessor. Þar metur Stefán út frá viðhorfsskönnunum þá þætti sem eiga stærstan þátt í flutningi fólks frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt skilgreiningu hans eru nokkrir meginþættir sem ákvarða byggðarlega stöðu sveitarfélaga eða stærri svæða í dreifbýli Íslands. Þar eru veigamestu þættirnir mæling á fjölbreytileika atvinnulífs, aðgengi að menntun auk annarra þátta á borð við húshitunarkostnað, verðlag, tekjur, samgöngumál og fleira.

Í þessari skýrslu um Vesturland verður kjördæminu í flestum köflum skipt í fjögur svæði til einföldunar. Vegna stærðar og sérstöðu Akraneskaupstaðar er bæjarfélagið aðgreint sérstaklega í skýrslunni. Þvínæst er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla tekin saman að Akranesi undanskildu (8 sveitarfélög), Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla (6 sveitarfélög) og loks Dalasýsla (2 sveitarfélög). Í hugum margra íbúa er þessi skipting algeng þegar einkenni og aðstæður kjördæmisins eru til umfjöllunar. Að mestu leyti er hér um skiptingu samkvæmt gömlu sýslumörkunum að ræða að því undanskildu að Akranes er hluti Borgarfjarðarsýslu og Skógarstrandarhreppur tilheyrir nú Dalabyggð en er hluti Snæfellsnessýslu.

Meðal efnis í skýrslunni er þróun íbúafjölda, skipting íbúa eftir atvinnugreinum, fjallað um meðaltekjur, menntunarmál verða skoðuð auk þess sem komið er inná þætti á borð við samgöngur, húshitunarkostnað og verslun á svæðinu. Í lok skýrslunnar verða niðurstöður þessara atriða dregnar saman í töflur þar sem sjá má þær byggðir sem geta flokkast sem jaðarsvæði á Vesturlandi samkvæmt áðurnefndri greiningaraðferð.


Upplýsingar sem unnið er með í skýrslunni var aflað hjá Hagstofu Íslands, Bygðastofnun, Vegagerð ríkisins, heimaaðilum og fleirum.

Annmarkar skýrslunnar eru m.a. þeir að fánlegar tölur sem stuðst er við ná ekki yfir sama tímabil. Reynt er að nota nýjustu upplýsingar hverju sinni og ná þær yfir árabilið 1996 til 1999. Ekki liggur fyrir könnun á verðlagi í verslunum í kjördæminu. Leitað var eftir þeim upplýsingum frá Samkeppnisstofnun sem skv. lögum ber að fylgjast með verðlagi, en þær upplýsingar lágu ekki fyrir og þau svör fengust frá stofnuninni að slíkar kannanir væru ekki unnar nema á höfuðborgarsvæðinu.

Skýrslan var að mestu unnin í október 1999 en ýmis efnisöflun fór fram fyrr á árinu. Að efnisöflun og undirbúningi unnu starfsmenn Atvinnuráðgjafar Vesturlands. Textagerð og úrvinnslu annaðist Magnús Magnússon fyrrv. starfsmaður Atvinnuráðgjafar Vesturlands.

2 Þróun íbúafjölda og aldursskipting

Í þessum fyrsta kafla verður skoðuð þróun á íbúafjölda á Vesturlandi og skipting íbúa eftir aldri. Skoðað verður sérstaklega hvaða breyting hefur orðið á íbúafjölda innan hvers svæðis í kjördæminu á 10 ára tímabili, þ.e. frá árinu 1988 til ársins 1998. Vesturlandi er skipt upp í fjögur meginsvæði þar sem þróunin er skoðuð í heild. Einstakir hreppar eru síðan skoðaðir sérstaklega þar sem við á. Skiptingin er með eftirfarandi hætti: Akranes, Mýra- og Borgarfjarðasýsla (utan Akraness), Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.



Eins og sést á meðfylgjandi súluriti um íbúapróun á Íslandi sem nær yfir tímabilið 1960 til 1998 hefur orðið umtalsverð fækkun á íbúafjölda á landsbyggðinni en á sama tíma fjölgun á höfuðborgarsvæðinu. Viðfangsefni þessarar skýrslu tengist þessu "vandamáli" sem forráðamenn í Þjóðfélaginu og jafnvel Borgarstjórinn í Reykjavík hafa lýst sem þjóðhagslega óhagstæðri þróun. Þrátt fyrir það virðist straumur fólks enn liggja á höfuðborgarsvæðið frá landsbyggðinni. Þó hefur Vesturlandskjördæmi misst hlutfallslega lítið frá sér undanfarin 2 ár í samanburði við sum önnur landsbyggðarkjördæmi. Með batnandi samgöngum við höfuðborgarsvæðið er því spáð að óveruleg fækkun íbúa eða jafnvel fjölgun geti átt sér stað á næstu árum, einkum á suðurhluta Vesturlands.

Sveitarfélögum á Vesturlandi hefur fækkað nokkuð undanfarin ár. Hér á eftir verður miðað við stöðu mála 1. desember 1998 hvað íbúafjölda varðar og þau sveitarfélög sem áður stóðu sjálfstæð felld inn í viðkomandi sveitarfélag. Taflan hér á eftir sýnir breytingar á íbúafjölda innan hvers sveitarfélags. Þegar Vesturland er tekið sem heild nemur fækkun íbúa um 5,4% á árunum 1988-1998 eða um 782 einstaklinga. Mismunandi er eftir hreppum hver þróunin hefur orðið og eru breytingar innan hvers sýslu fyrir sig þannig ekki lýsandi fyrir einstök svæði. Þau sveitarfélög sem

JAÐARBYGGÐIR Á VESTURLANDI


falla undir skilgreininguna "jaðarbyggðir", þ.e. þar sem fækkun íbúa er 10% eða meira á 10 árum eru: Innri-Akraneshreppur, Skorradalshreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Saurbæjarhreppur og Dalabyggð. Til þessa flokks mætti einnig telja Borgarfjarðarsveit en þar munar einungis um tvo íbúa til að fækkunin hefði farið yfir 10% markið. Íbúafjöldi þessara 8 jaðarbyggða er samtals um 3.600 manns eða 26% af heildaríbúafjölda á Vesturlandi. Hvað aldurssamsetningu íbúa á Vesturlandi varðar er það sammerkt með öllum svæðunum að aldurshópurinn frá 25 – 35 er áberandi fámennari en landsmeðaltal.

Landsvæði	Íbúafjöldi		Breyting	
	1988	1998	í fjölda	í %
Akranes	5.395	5.187	-208	-3,9%
Hvalfjarðarstrandarhr.	157	167	10	6,4%
Skilmannahreppur	131	127	-4	-3,1%
Innri-Akraneshreppur	135	113	-22	-16,3%
Leirár- og Melahreppur	139	132	-7	-5,0%
Borgarfjarðarsveit	754	680	-74	-9,8%
Skorradalshreppur	59	53	-6	-10,2%
Hvítársíðuhreppur	76	82	6	7,9%
Borgarbyggð	2.451	2.416	-35	-1,4%
Mýra- og Borgarfj. sýsla	3.902	3.770	-132	-3,4%
Kolbeinsstaðahreppur	129	115	-14	-10,9%
Eyrarsveit(Grundarfj)	802	943	141	17,6%
Eyja- og Miklaholt	196	124	-72	-36,7%
Snæfellsnesbær	1.984	1.721	-263	-13,3%
Stykkishólmur	1.340	1.307	-33	-2,5%
Snæfellsnes	4.396	4.211	-185	-4,2%
Saurbæjarhreppur	115	99	-16	-13,9%
Dalabyggð	937	696	-241	-25,7%
Dalásýsla	1.052	795	-257	-24,4%
Vesturland samtals	14.745	13.963	-782	-5,3%

Þegar einstök svæði eru skoðuð sker Dalasýsla sig úr hvað íbúafækkun varðar en þar hefur fækkað um fjórðung íbúa á einungis 10 ára tímabili. Fækkun annarra hluta Vesturlandskjördæmis hefur verið svipuð.

2.1 Akranes


Akranes er stærsti þéttbýliskjarninn á Vesturlandi með tæplega 5.300 íbúa í dag. Frá árinu 1988 til ársins 1996 fækkaði íbúum þar um rúmlega 300 manns en síðastliðin tvö ár hefur þessi þróun snúist við og íbúum er aftur farið að fjölga. Líklegar orsakir þessa viðsnúnings er tilkoma Hvalfjarðarganga og aukin umsvif stóriðju á svæðinu.



	Íbúafjöldi 1988	Íbúafjöldi 1990	Íbúafjöldi 1992	Íbúafjöldi 1994	Íbúafjöldi 1996	Íbúafjöldi 1998	Breyting 1988- 1998
Akranes	5.348	5.236	5.261	5.148	5.068	5.187	-3,9%

Þegar tímabilið er tekið í heild sinni nemur fækkun íbúa 3,9% og flokkast því Akranes ekki sem jaðarbyggð.

Þegar "aldurstré" Akraness er skoðað kemur í ljós að nokkuð vantar upp á að landsmeðaltali sé náð í aldurshópnum karlar 10-28 ára. Ungt fólk á aldrinum 25-35 ára er yfir landsmeðaltali á Akranesi sem verður að teljast afar jákvætt fyrir sveitarfélagið. Almenn er því aldurstré Akranesinga hagstætt með tilliti til landsmeðaltals þar sem meðaltöl flestra aldurshópa eru svipuð og á landsvísu.



2.2 Borgarfjörður utan Akraness

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla nær yfir stórt landsvæði, eða allt frá Hvalfjarðarbotni í suðri og að Snæfellsnesi og Dalasýslu í norðri. Því er ljóst að aðstæður eru mismunandi innan svæðisins hvað varðar alla þá þætti sem til umföllunar eru í þessari skýrslu. Sunnan Skarðsheiðar eru fjórir hreppar sem njóta nálægðar við Akranes og Grundartanga með tilheyrandi atvinnumöguleikum. Norðan heiðar eru önnur fjögur sveitarfélög og er Borgarbyggð

JADARBYGGÐIR Á VESTURLANDI

Þeirra stærst. Að undanskilinni Borgarbyggð og Borgarfjarðasveit er um dæmigerða dreifbýlishreppa að ræða. Ekkert hreint þéttbýlissvæði er lengur í héraðinu síðan hrepparnir kringum Borgarnes (norðan Hvítár) sameinuðust við Borgarbyggð (að Hvítársíðu undanskilinni). Vaxandi þéttbýlismyndun er þó á Bifröst. Borgarfjarðarsveit er einnig nýtt sveitarfélag, samansett úr fyrrum sveitarfélögum norðan Skarðsheiðar og sunnan Hvítár (að undanskildum Skorradalshreppi). Í Borgarfjarðarsveit er þéttbýliskjarni sem byggst hefur upp í kringum skóla- og rannsóknarstarf á Hvanneyri.


Í töflunni hér fyrir neðan sést hvernig íbúafjöldi hefur þróast í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

	Íbúafjöldi 1988	Íbúafjöldi 1990	Íbúafjöldi 1992	Íbúafjöldi 1994	Íbúafjöldi 1996	Íbúafjöldi i 1998	Breyting 1988- 1998
Hvalfjarðarstrandarhr.	157	158	169	178	165	167	6,4%
Skilmannahreppur	131	152	147	135	124	127	-3,1%
Innri-Akranshreppur	135	138	137	129	126	113	-16,3%
Leirár- og Melahreppur	139	157	152	141	139	132	-5,0%
Borgarfjarðasveit	754	743	723	723	714	680	-9,8%
Skorradalshreppur	59	64	52	52	47	53	-10,2%
Borgarbyggð	2.451	2.470	2.504	2.457	2.398	2.416	-1,4%
Mýra- og Borgarfj. s.	3.902	3.955	3.962	3.892	3.790	3.770	-3,4%

Það kemur í ljós að að þrír einstakir hreppar teljast sem jaðarbyggðir, þ.e. Innri-Akranshreppur þar sem fækkun nemur 16,3%, Borgarfjarðarsveit með 9,8% fækkun og Skorradalshreppur þar sem fækkað hefur um 10,2%. Allir þessir hreppar eru í nálægð við þéttbýliskjarna þ.e. Akranes eða Borgarnes. Í tveimur litlu hreppana hefur orðið fjölgun, í Hvalfjarðarstrandahreppi um 6,4% og í Hvítársíðuhreppi um 7,9%. Þó er ekki um mikinn fjölda að ræða eða samtals 16 manns samanlagt í báðum hreppunum. Borgarbyggð

heldur nokkuð í horfinu og líkt og á Akranesi hefur orðið lítilsháttar fjölgun þar á síðasliðnum tveimur árum. Reyndar má rekja alla fækkun íbúa í Borgarbyggð til dreifbýlisins utan Borgarnes að Bifrastarsvæðinu undanskildu. Af því má draga þá ályktun að þéttbýliskjörnum haldist að jafnaði betur á íbúum heldur en dreifbýlishreppunum á Vesturlandi. Þegar litið er á Mýra- og Borgarfjarðarsvæðið í heild hefur íbúum fækkað um 3,4% eða um 132 einstaklinga.

Þegar aldurstre Mýra- og Borgarfjarðarsýslu er skoðað í heild sinni kemur í ljós að töluvert vantar umfram landsmeðaltal í aldurshópinn 5-20 ára. Þetta er athyglisvert í



Ijósi þess að fólk á barneignaldri (20-35 ára) er talsvert undir landsmeðaltali í fjölda (en greinilega ekki í frjósemi!).


2.3 Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla

Á Snæfellsnesi eru fimm sveitarfélög. Þar hefur, eins og víða um land, sveitahreppum fækkað mikið vegna sameiningar og nú síðast sameinaðist Skógarstrandahreppur við Dalabyggð og náði sú sameining þannig milli sýslna. Á svæðinu í heild hefur orðið 4,2% fækkun íbúa sem er undir meðaltali á Vesturlandi en líkt og á Borgarfjarðarsvæðinu er misjafnt hvernig einstök sveitarfélög koma út. Taflan hér að neðan sýnir þróun á íbúafjölda eftir sveitarfélögum.

	Íbúafjöldi 1988	Íbúafjöldi 1990	Íbúafjöldi 1992	Íbúafjöldi 1994	Íbúafjöldi 1996	Íbúafjöldi 1998	Breyting 1988-1998
Kolbeinsstaðahreppur	129	123	117	118	114	115	-10,9%
Eyrarsveit (Grundarfj)	802	817	855	901	943	943	17,6%
Eyja- og Miklaholtshr	196	182	156	148	137	124	-36,7%
Snæfellsnesbær	1.984	1.977	1.881	1.847	1.769	1.721	-13,3%
Stykkishólmur	1.340	1.297	1.310	1.340	1.343	1.307	-2,5%
Snæf.- og Hnappad. sýsla	4.396	4.341	4.275	4.316	4.267	4.211	-4,2%

Þeir hreppar á Snæfellsnesi sem teljast til jaðarbyggðar eru Kolbeinsstaðahreppur með 10,9% fækkun íbúa, Eyja- og Miklaholtshreppur með 36,7% fækkun og Snæfellsbær þar sem íbúum hefur fækkað um 13,3%. Athyglisverð er sú mikla fjölgun sem orðið hefur í Grundarfirði en þar hefur íbúum fjölgað um 17,6% eða liðlega 140 manns. Ef undan er skilin Ólafsvík hefur þéttbýlinu á Snæfellsnesi vegnað mun betur en strálbýlinu að halda íbúum líkt og á Akranesi og í Borgarnesi.

Þegar aldurstré Snæfellsness er skoðað kemur í ljós að börn 4-19 ára eru nokkuð yfir landsmeðaltali. Hins vegar er skarð í aldurstrénu í sveitarfélaginu á aldrinum 20-30 ára eða í flokki yngsta barneignafólksins. Þegar má sjá merki þess í hópi allra yngstu barnanna þar sem landsmeðaltali er ekki náð og gera má ráð fyrir að óbreyttu fylli þessi hópur ekki landsmeðaltal.




2.4 Dalasýsla Vesturlandi

Í Dalasýslu eru tvö sveitarfélög, Saurbæjarhreppur og Dalabyggð. Saurbæjarhreppur er dæmigerður dreifbýlishreppur en Dalabyggð er blanda þéttbýlis og dreifbýlis. Dalasýsla sker sig úr öðrum svæðum á Vesturlandi hvað fækkun íbúa varðar eða tæplega 25% á 10 ára tímabili. Svæðið sem heild flokkast því sem jaðarbyggð.

	Íbúafjöldi 1988	Íbúafjöldi 1990	Íbúafjöldi 1992	Íbúafjöldi 1994	Íbúafjöldi 1996	Íbúafjöldi 1998	Breyting 1988-1998
Saurbæjarhreppur	115	110	111	111	105	99	-13,9%
Dalabyggð	937	863	813	788	739	696	-25,7%
Dalasýsla	1.052	973	924	899	844	795	-24,4%


Aldurstré Dalasýslu sýnir að töluvert vantar uppá yngri aldurshópana en íbúar yfir 60 ára aldri eru yfir meðaltali sem hlutfall. Alvarlegast er að fólk á barneignaldri er hlutfallslega fátt.



3 Atvinnulíf á Vesturlandi

Meðal þeirra atriða sem talin eru ýta hvað mest undir búferlaflutninga fólks frá landsbyggðinni er einhæft atvinnulíf. Í því felst að þegar sveitarfélög eða byggðarlög treysta á fáar og einhæfar atvinnugreinar verður atvinnulífið um leið viðkvæmt fyrir öllum ytri breytingum í viðkomandi greinum. Slíkt hefur víða um landið sýnt sig sem galli svo sem vegna frjáls framsals fiskveiðiheimilda og þróunar í sölu hefðbundinna landbúnaðarafurða.

Hér á eftir verður unnið út frá fjórum meginsvæðum á Vesturlandi og skipting mannafla eftir atvinnugreinum skoðuð. Ef meðfylgjandi súlurit yfir skiptingu svæðisins eftir atvinnugreinum er skoðað má glögg sjá að einhæfni ríkir í atvinnulífi í þremur af fjórum svæðunum. Segja má að á Akranesi sé jöfnuðurinn hvað mestur að því undanskildu að eðli málsins samkvæmt er landbúnaður vart mælanleg atvinnugrein í kaupstaðnum. Á strjálbýlissvæðunum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og Dalasýslu er landbúnaður, þjónusta og iðnaður mest stunduðu greinarnar og á Snæfellsnesi eru fiskveiðar og fiskvinnsla afgerandi. Þetta styður að síðastnefndu þrjú svæðin búa við einhæft atvinnulíf og því má skoða slíkt sem ákveðinn veikleika þeirra svæða.



3.1 Akranes

Á Akranesi er þjónusta og iðnaður mannfrekustu atvinnugreinarnar. Í bæjarfélaginu eru staðsettar stórar stofnanir sem þjóna öllum landshlutanum, svo sem fjölbrautaskóli og sjúkrahús. Starfrækt eru stór fyrirtæki á sviði iðnaðar og má þar nefna sementsverksmiðju og skipasmíðastöð. Stærsta fyrirtækið í bæjarfélaginu er hins vegar á sviði fiskveiða og -vinnslu og veitir það eitt og sér um 300 manns atvinnu. Gera má ráð fyrir að iðnaður verði vaxandi atvinnugrein á Akranesi og má þar sérstaklega nefna að eftir að grunnur að þessum upplýsingum var lagður hefur stóriðja við Grundartanga aukist, en þar stunda margir Akurnesingar atvinnu (um 60% af vinnuafla Norðurláls). Á árabílinu 1985 til 1995 dró hins vegar úr hlutfalli iðnaðar og fiskvinnslu en þáttur þjónustu jókst að sama skapi. Nú bendir ýmislegt hins vegar til að draga muni úr hlutfalli þjónustu í bæjarfélaginu vegna ýmissa jaðaráhrifa Hvalfjarðarganga. Um þetta er þó ekki hægt að fullyrða. Einnig má benda á að á s.l. ári hætti Akraborg siglingum og ferðaþjónusta á meðal annars af þeim sökum í vök að verjast.

Almennt er atvinnulíf á Akranesi fjölbreytt og því ekki hamlandi hvað varðar æskilega búsetuþróun í framtíðinni. Í könnunum sem gerðar hafa verið á síðustu árum um atvinnumál á Akranesi kemur þó fram að það sem einkum vantar hvað atvinnumál snertir sé meira framboð af störfum fyrir menntað fólk á ýmsum sviðum (hærra launuð störf).

3.2 Borgarfjörður utan Akraness

Stærsti þéttbýliskjarninn á svæðinu er Borgarnes en nokkrir smærri kjarnar telja þó nokkuð af heildinni, svo sem Hvanneyri, Bifröst og Hagamelur. Undanfarin ár hefur þjónusta á svæðinu við ferðafólk og sumarhúsafólk í héraðinu vaxið verulega sem hlutfall af heildaratvinnu. Mikil aukning í sumarhúsabyggingum hefur kallað á aukna þjónustu og líkur eru til að framhald verði á þeirri þróun. Á svæðinu er auk þess nokkuð fjölbreyttur iðnaður, einkum á sviði matvælavinnslu. Á undanförunum 10-15 árum hefur hlutfall landbúnaðar á þessu svæði dregist verulega saman. Þó er landbúnaður enn stærsta atvinnugreinin í dreifbýlinu þó þjónusta sé þar einnig vaxandi þáttur, svo sem í Borgarfjarðarsveit og dreifbýlishluta Borgarbyggðar. Sá annmarki er á þessum hluta Vesturlands að hlutfall fiskveiða- og fiskvinnslu er óverulegt af heildaratvinnu. Að undanskilinni stóriðjuhöfn á Grundartanga er vart hægt að nefna aðgengilegar hafnir á svæðinu og útgerð er engin. Sökum þessa og með tilliti til hve þjónusta og landbúnaður eru ríkjandi atvinnugreinar má þannig færa rök fyrir því að svæðið geti flokkast sem einhæft í atvinnulegu tilliti.

3.3 Snæfellsnes og Hnappadalssýsla

Svæðið samanstendur af tveimur smáum hreppum sunnan Ljósufjalla en langflestir íbúar búa í sjávarplássunum norðan fjallgarðsins á Nesinu. Íbúar stunda fyrst og fremst fiskveiðar og fiskvinnslu. Þjónusta er sem heild minni sem hlutfall samanborið við aðra hluta Vesturlands og landið í heild. Aðrir atvinnuvegir eru í smáum stíl eða um og innan við 5% af heildaratvinnuframboði á svæðinu.

Af þessum sökum er atvinnulíf á Snæfellsnesi mjög viðkvæmt gagnvart ytri breytingum í sjávarútvegi, ástandi greinarinnar og tilflutningi á fiskveiðiheimildum. Fyrst og fremst af þessum sökum flokkast atvinnulíf á Snæfellsnesi því sem einhæft.

3.4 Dalasýsla

Sýslan samanstendur af tveimur sveitarfélögum og einum teljanlegum þéttbýliskjarna, þ.e. Búðardal. Eins og áður segir stunda landbúnað, þjónustu og iðnað nær 80% af íbúum sýslunnar. Í landbúnaði er sauðfjárrækt algengust. Aðrar atvinnugreinar eru mjög smáar í sniðum og fiskveiðar og -vinnsla vart mælanlegur þáttur í atvinnu enda engar hafnir fyrir stærri skip.


Landbúnaður er höfuðatvinnugrein svæðisins og sauðfjárrækt þar algengust. Helsti vaxtarbroddurinn er starfsemi tengd úrvinnslu mjólkur en mestar vonir eru bundnar við aukningu í ferðaþjónustu samhliða bættem samgöngum á næstu árum.

Atvinnulíf í Dalasýslu er því talið mjög einhæft.

4 Menntunarmöguleikar

Erfitt aðgengi að menntun er talið skýra að hluta burtflutning fólks frá dreifbýli í þéttbýli SV hornsins undanfarin ár. Ekki er hægt að búast við að úti á landsbyggðinni verði nokkurn tímann um fjölbreytt úrval sérhæfðra sér- og háskóla að ræða. Því þarf fólk að nálgast þá menntun í flestum tilfellum á höfuðborgarsvæðinu eða fara utan. Þó má segja að í samanburði við önnur landsbyggðarkjördæmi standi Vesturland í heild sinni vel. Í kjördæminu eru tveir skólar á háskólastigi auk þess sem skoða verður nálægð við höfuðborgarsvæðið sem kost þegar aðgengi að menntun er metið. Einnig ber að líta á það að í kjördæminu hefur nú verið stofnuð miðstöð símenntunar sem ætlað er að sinna menntunarþörf almennings á svæðinu að nokkru leyti. Í því sambandi getur gott aðgengi að menntun falist í góðum tölvu- og fjarskiptabúnaði til að aðgengilegt sé fyrir íbúana að stunda þessa tegund menntunar.

Fyrst og fremst eru það þó framhaldsskólarnir sem skipta máli þegar aðgengi að menntun sem búsetuþáttar er til umræðu. Margir nemendur á framhaldsskólaaldri og foreldrar þeirra vilja getað stundað nám nærri heimabyggð og seinka þannig því að þurfa að fara ungir að árum að heiman til að sækja nám. Um leið er skorið á ákveðnar rætur sem myndast við heimabyggð á unglingsárunum.



Sveitarfélög á Vesturlandi standa að Fjölbrautaskóla Vesturlands ásamt ríkissjóði. Skólinn er talinn nútímalegur og vel búinn framhaldsskóli. Þar er boðið upp á allhliða

framhaldsmenntun, bóklega og verklega, á mörgum námsbrautum. Skólinn veitir námsráðgjöf og leggur sérstaka áherslu á að styðja nýnema. Skólinn vill bjóða upp á góða menntun og gerir því talsverðar kröfur til sín og nemenda sinna. Miðstöð Fjölbrautaskóla Vesturlands er á Akranesi en undanfarin ár hefur hann einnig starfað í Snæfellsbæ og í Stykkishólmi. Að jafnaði hefur stórt hlutfall íbúa á framhaldsskólaaldri á Vesturlandi sótt skólann, flestir af Akranesi og nágrennasveitafélögunum.

Þegar skólasókn fólks á framhalds- og sérskólaaldri er skoðuð (sjá graf hér að framan) kemur í ljós að verulegur munur er á milli svæða á Vesturlandi hvað það snertir. Að meðaltali stunda um 40% Íslendinga á aldrinum 16-29 ára nám. Íbúar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu á þessum aldri eru hlutfallslega flestir við nám, eða nálægt landsmeðaltali. Heldur færri Akurnesingar á þessum aldri stunda nám en síðan virðist sem eftir því sem fjarlægðin eykst frá höfuðborgarsvæðinu minnki skólasókn þessa aldurshóps. Þannig eru á sama tíma einungis 28% Snæfellinga á aldrinum 16-29 ára við framhaldsnám og tæplega þriðjungur Dalamanna.

Þó ekki sé hægt að alhæfa um þessi mál má þó draga þá ályktun að slæmt aðgengi að menntun beinlínis dragi úr skólasókn og því er hægt að gagnálykta sem svo að slæmt aðgengi að menntun rýri viðkomandi svæði til búsetu. Af þeim sökum er aðgengi til menntunar gott í suðurhluta Vesturlandskjördæmis en slæmt á Snæfellsnesi og í Dalasýslu.

5 Lífsgæði


Í skýrslu Stefáns Ólafssonar prófessors um búsetu á Íslandi kemur fram að ýmis almenn lífsgæði skipti máli við val fólks á búsetu. Í því sambandi verður í þessum kafla skoðaðir nokkrir þættir sem samkvæmt könnun Stefáns skipta mestu máli. Þetta eru tekjur fólks, húshitunarkostnaður og verslun og verslunaraðstæður.


5.1 Tekjur

Hér verður gerð grein fyrir tekjum á Vesturlandi samanborið við landsmeðaltal.

Á eftirfarandi súluritum má sjá annars vegar frávik meðaltekna svæðanna á Vesturlandi frá landsmeðaltali og hins vegar nákvæmari skiptingu í atvinnugreinaflokka.

Meðallaun segja mikið til um afkomu heildarinnar á viðkomandi svæðum og ráðstöfunarfé íbúanna. Því hafa mikil frávik í launum, samanborið við önnur landssvæði, mikið að segja um hvernig fólk metur búsetu á viðkomandi svæðum. Vegna afgerandi landbúnaðar í strjálbýli Mýra-, Borgarfjarðar- og Dalasýslu eru meðallaun þessara svæða verulega undir meðallaunum í landinu. Íbúar Akraneskaupstaðar eru hins vegar 6,5% yfir landsmeðaltalslaunum sem verður að teljast nokkuð gott. Íbúar Snæfellsness eru lítillega undir meðallaunum á landsvísu.





5.1.1 Akranes

Á Akranesi eru ýmis hagstæð skilyrði sjáanleg í atvinnulegu tilliti. Þar ber fyrst að nefna tiltölulega fjölbreytt atvinnulíf, háar meðaltekjur og nálægð við stór atvinnusvæði. Mikið vægi fiskveiða og -vinnslu á Akranesi og há laun í greininni er stærsti áhrifapáttur þess að meðallaun eru yfir landsmeðaltali í bæjarfélaginu. Fleiri þættir koma þó til.

Þessar tölur eru gerðar áður en Hvalfjarðargöng voru opnuð fyrir umferð og Norðurál á Grundartanga var byggt. Sökum staðsetningar Akraness má gera ráð fyrir að laun á svæðinu hækki með greiðari samgöngum til stærra atvinnusvæðis.

5.1.2 Borgarfjörður utan Akraness

Á svæðinu eru meðaltekjur íbúa um 20% undir landsmeðaltali. Að undanskilinni byggingarstarfsemi eru meðallaun allra greina undir meðallaunum á landinu. Meðal skýringa á því hversu svæðið er neðarlega í heildarlaunum er mikið vægi landbúnaðar sem tæplega fjórðungur íbúa stundar. Yfir 30% íbúa stunda þjónustu sem er stærsta, og vaxandi, atvinnugreinin á svæðinu. Meðallaun í þeirri grein eru þó nokkuð undir landsmeðaltali. Hlutfallslega lægst meðallaun á svæðinu hafa starfsmenn í atvinnugreinaflokki "bankar" þar sem laun eru einungis 70% af meðallaunum greinarinnar á landsvísu.

5.1.3 Snæfellsnes og Hnappadalssýsla

Frávik meðallauna á Snæfellsnesi er rúmlega 3% undir landsmeðaltali. Allir atvinnugreinaflokkar á svæðinu hafa meðallaun undir landsmeðaltali. Það sem gerir stöðu svæðisins þó þetta góða, þegar heildarmeðallaun eru skoðuð, er hátt hlutfall fiskveiða og -vinnslu þar sem meðaltekjur þeirra greina eru almennt háar á landsvísu. Þriðji stærsti atvinnugreinaflokkurinn er þjónusta en þar eru meðaltekjur svipaðar og á landinu í heild.

5.1.4 Dalasýsla

Meðaltekjur í Dalasýslu eru þær lægstu í kjördæminu eða um þriðjungi lægri samanborið við meðallaun í landinu. Það skýrir einkum hátt hlutfall landbúnaðar og lágar meðaltekjur. Þar við bætist að hlutfallslega margir stunda sauðfjárbúskap í Dalasýslu eða í grein þar sem meðaltekjur eru hvað lægstar. Atvinnulíf er mjög einhæft í sýslunni þar sem 80% íbúa stunda ýmist landbúnað, þjónustu eða iðnað.

5.2 Húshitunarkostnaður

Þegar Vesturlandskjördæmi í heild sinni er skoðað eru aðstæður til húshitunar afar misjafnar. Víða eru hitaveitur, annars staðar eru svokölluð köld svæði, eða svæði þar sem litlar eða engar líkur eru til að finna heitt vatn í jörðu. Vatnsverð frá þessum hitaveitum er afar misjafnt og segja má að á einstaka svæðum sé húshitunarkostnaður óverulegur á meðan aðrir búa við dýrar veitur. Kostnaðarsamast er þó að hafa ekki aðgang að veitum og því ekkert val milli kyndileiða.

Meirihluti íbúa kjördæmisins býr við aðgang að hitaveitum. Á Akranesi, í Borgarnesi og hluti bæja á leiðinni frá Deildartunguhver og til Akraness er hitað upp með vatni frá HAB. Veitan er hins vegar dýr og er húshitunarkostnaður á þessum svæðum með því hæsti á landinu. Á móti kemur að raforkuverð á Akranesi er með því lægra sem þekkest þó hæpið sé að álykta að það vegi upp dýra hitaveitu.

Í Stykkishólmi er nú verið að leggja hitaveitu í hús bæjarins. Hæpið er að spá um rekstrarkostnað veitunnar til lengri tíma og þar með vatnsverð þar sem veitan er ný. Hins vegar er gjaldskrá veitunnar fyrst í stað í eðlilegu samræmi við sambærilegar hitaveitur.

Í bígerð er lagning hitaveitu frá Reykjadal til Búðardals. Búðardalur hefur fram að þessu verið án hitaveitu og því með háan húshitunarkostnað.

Í Snæfellsbæ og Eyrarsveit er ekki hitaveita, en rannsóknir eru í gangi til að kanna möguleika á borunum. Kyndikostnaður á svæðinum er því hár.

Við Laugargerðisskóla er jarðhiti sem nýtist skólanum og húsum við hann. Rannsóknir og boranir hafa verið í gangi í Eyja og Miklaholtshreppi til að fjölga bæjum í sveitarfélaginu sem aðgang hafa að hitaveitu.

Víða í Borgarfirði eru smærri hitaveitur sem þjóna afmörkuðum svæðum. Margar þeirra eru rekstrarlega hagkvæmar og því má segja að íbúar þessa hluta kjördæmisins búi við ódýrustu húshitunarmöguleikana.

5.3 Verslun og verðlag

Meðal mikilvægra skilyrða til búsetu er framboð verslana, verðlag og þjónusta. Ástand þessara mála í Vesturlandskjördæmi er mismunandi og segja má að í flestum tilfellum fari það eftir stærð þéttbýlis hve samkeppni er mikil í greininni og þjónustan mikil við íbúana.

Við vinnslu þessarar skýrslu var leitað til Samkeppnisstofnunar og farið þess á leit að stofnunin gengist fyrir verðkönnun á svæðinu. Því var hafnað og mannaflaskorti kennt um að stofnuninni væri einungis fært að sinna þeim málum á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir nokkru var unnin könnun á vegum Akraneskaupstaðar þar sem m.a. var könnuð afstaða íbúanna til verslunar og þjónustu á svæðinu. Þar kom fram að matvöruverslun á Akranesi stendur vel og íbúarnir eru ánægðir með þá þjónustu sem verslanir staðarins veita. Í dag eru reknar þrjár matvöruverslanir á Akranesi og eftir opnun Hvalfjarðarganganna leita íbúar talsvert til höfuðborgarinnar til innkaupa. Sökum nálægðar við höfuðborgarsvæðið og í ljósi þess að íbúar í bæjarfélaginu eru ánægðir með verslun á staðnum verður að skoða þennan þátt sem jákvæðan fyrir Akranes.

Í Borgarnesi hefur til tveggja ára verið reknar tvær matvöruverslanir (önnur með tveimur útsölustöðum). Samkeppni þessara aðila er talsverð og íbúar svæðisins eru almennt ánægðir með framboð og verð, þó formleg könnun meðal íbúa hafi ekki farið fram. Það sama gildir um Borgarnessvæðið og Akranes að nálægð við höfuðborgarsvæðið virkar sem hagstætt búsetuskilyrði í þessu samhengi, því fyrir íbúana er fljótlegt og ekki kostnaðarsamt að gera innkaup á höfuðborgarsvæðinu ef íbúar telja sig gera hagkvæmari innkaup þar. Íbúar dreifbýlisins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu þurfa nokkrir að sækja verslun um langan veg, eða allt að 40 kílómetrum. Fyrir þennan hluta íbúanna verður að skoða fjarlægð frá verslunum sem ókost í búsetulegu tilliti. Almennt má þó segja að sökum nálægðar við höfuðborgarsvæðið, fjölda verslana og veitta þjónustu verði að skoða þennan þátt sem jákvæðan í búsetulegu tilliti í Mýra og Borgarfjarðarsýslu.

Á Snæfellsnesi og í Dölum eru matvöruverslanir á flestum þéttbýlisstöðum. Samkeppni er þó ekki mikil og verðlag í samræmi við það sem almennt gerist í dreifbýli, þ.e. frekar hátt. Því er ekki hægt að meta verslun og verðlag sem kost í búsetulegu tilliti á þessum svæðum.

6 Samgöngur

Þegar hugtakið samgöngur er skoðað þarf að hafa í huga nokkur atriði. Í fyrsta lagi verður fjallað um vegasamgöngur á Vesturlandi, því næst hafnarsamgöngur, þá flugsamgöngur og fjarskiptamál.

6.1 Vegasamgöngur

Einn mikilvægasti þáttur búsetuskilyrða eru greiðar vegasamgöngur. Þetta er ekki síst mikilvægt í dreifðum byggðum þar sem atvinnusvæði eru víðfeðm og íbúar þurfa að leita langt til að sækja vinnu. Einn mælikvarði á ástand vega innan ákveðinna svæða er hlutfall vega með bundið slitlag á móti malarvegum. Í töflunum hér að neðan má sjá heildarlengd vegakerfis viðkomandi svæða á Vesturlandi ásamt lengd og hlutfalli stofn- og tengivega með varanlegu slitlagi.

Heildarvegalegd þjóðvega á Vesturlandi í kílómetrum					
	Borgarfjarðarsýsla	Mýrasýsla	Snæfellsnes	Dalassýsla	Samtals
Stofnvegir	121	120	263	92	596
Tengivegir	227	197	91	194	709
Safnvegir	89	130	100	80	399
Landsvegir	49	66	31	14	160
	<i>486</i>	<i>513</i>	<i>485</i>	<i>380</i>	<i>1864</i>

Lengd malbikaðra vega á Vesturlandi í kílómetrum					
	Borgarfjarðarsýsla	Mýrasýsla	Snæfellsnes	Dalassýsla	Samtals
Stofnvegir	97	111	135	62	405
Tengivegir	31	3	13	7	54
Safnvegir					
Landsvegir	1				1
	<i>129</i>	<i>114</i>	<i>148</i>	<i>69</i>	<i>460</i>

Hlutfall stofn- og tengivega með varanlegu slitlagi á landinu öllu var 40,4% þann 1. janúar árið 1998. Verulega vantar upp á að vegakerfið á Vesturlandi nái landsmeðaltali í þessum efnum. Hæst er hlutfallið á Snæfellsnesi eða liðlega 30% en lægst í Dalassýslu þar sem aðeins um 18% vega eru lagðir bundnu slitlagi

Malbikaðir þjóðvegir á Vesturlandi, hlutfall:					
	Borgarfjarðarsýsla	Mýrasýsla	Snæfellsnes	Dalassýsla	Samtals
Stofnvegir	80,17%	92,50%	51,33%	67,39%	67,95%
Tengivegir	13,66%	1,52%	14,29%	3,61%	7,62%
Safnvegir	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Landsvegir	2,04%	0,00%	0,00%	0,00%	0,63%
% af heild	<i>26,54%</i>	<i>22,22%</i>	<i>30,52%</i>	<i>18,16%</i>	<i>24,68%</i>

Vegakerfið á Vesturlandi hefur tekið miklum breytingum til hins betra á undanförunum áratugum. Samt sem áður kemur berlega í ljós að mikið vantar uppá til að svæðið í heild búi við vegakerfi sem samrýmist nútímakröfum og breyttum atvinnuháttum. Á tveimur þessara svæða eru erfiðir fjallvegir, á Snæfellsnesi og í Dalassýslu. Horfur eru á nýjum vegi yfir Vatnaheiði sem mun bæta samgöngur á Snæfellsnesi. Einnig er

hafin uppbygging á stofnveginum yfir Bröttubrekku sem mun bæta samgöngur á þeim erfiða kafla til muna frá því sem verið hefur.

Þegar hlutur Vesturlands hvað varðar framlag ríkisins til nýframkvæmda á vegum er skoðað samkvæmt vegaáætlun 1998-2002, er skiptingin eftirfarandi:

Framlög til nýrra þjóðvega á Vesturlandi (milljónir króna)						
	1998	1999	2000	2001	2002	Samtals
Stofnvegir	328	402	429	278	406	1843
Tengivegir	59	69	73	76	76	353
Brýr	49		93	37		179
Annað		10	10	10	10	40
Samtals	436	481	605	401	492	2.415
Landið allt	2.985	3.915	3.988	3.971	3.982	18.841
% af heild	14,6%	12,3%	15,2%	10,1%	12,4%	12,8%

Þjóðvegakerfið á Íslandi er samtals 12.691 km. og þar af eru 1.865 km. á Vesturlandi eða 14,7%. Heildarfjármagn til nýframkvæmda á vegum á landinu öllu á árabílinu 1998-2002 er áætlað 18.841 millj. kr., þar af 2.415 millj. sem renna til uppbyggingar á Vesturlandi eða 12,8%. Ef skipting vegafjár væri hlutfallslega eftir vegalengdum má segja að það vanti um 354 millj. kr. til að Vesturland fái hlutfallslegt framlag miðað við lengd vegakerfisins. Gera má ráð fyrir að samhliða aukinni umferð eftir opnun Hvalfjarðarganganna aukist vegafé til kjördæmisins sem hlutfall af aukinni hlutfallslegri umferð. Enn sem komið er situr þó Vesturland í heild nokkuð á eftir hvað stofnfé til vegagerðar varðar. Þar sem góðar vegasamgöngur hafa mikið að segja í búsetulegu tilliti verða því að skoða þau mál sem galla í Vesturlandskjördæmi.

6.2 Flugsamgöngur

Vegna nálægðar við helsta þéttbýlissvæði landsins eru flugsamgöngur mun veigaminni þáttur á Vesturlandi í samanburði við önnur svæði landsbyggðarinnar. Smærri flugvelli eru þó víða og má í því sambandi nefna velli á Kambsnesi við Búðardal, í Stykkishólmi, Rífi, Akranesi, Kárastöðum við Borgarnes, Stóra Kroppi og Húsafelli í Borgarfirði. Ekkert fast áætlunarflug er á þessa staði og ólíklegt að slíkt væri hagkvæmt.

6.3 Fjarskipti

Undanfarin misseri hefur stjórnvöldum á Íslandi sífellt orðið tíðræddara um mikilvægi góðra fjarskipta vegna atvinnuuppbyggingar og búsetuskilyrða almennt. Búsetulega séð skiptir miklu máli að öflugt og öruggt símasamband sé við byggðirnar. Slíkt eykur t.d. líkur á að atvinnuuppbygging geti átt sér stað í greinum sem treysta á fjarskipti um örbylgjusamband eða ljósleiðara. Kostnaður við fjarskipti hefur farið heldur lækkandi undanfarin misseri sem gerir fyrirtækjum á landsbyggðinni auðveldara að stunda ýmsar samkeppnisgreinar við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Nokkrir byggðakjarnar á Vesturlandi eru nú þegar í ljósleiðarasambandi og má þar nefna Akranes, Borgarnes, Búðardal og hluta Borgarfjarðar og Snæfellsness. Auk þess er unnið að lagningu ljósleiðaranets í Stykkishólmi samhliða lagningu hitaveitu í bæjarfélaginu. Hvað fjarskipti um farsíma og örbylgjusamband varðar er öryggi þess þáttar misjafnlega varið eftir svæðum innan kjördæmisins. Þó má

segja að einstaka hlutar Snæfellsness búi við gloppótt GSM samband en fram að þessu hefur NMT farsímakerfið bætt það upp. Svokölluð "dauð" svæði eru talsvert mörg víðar innan kjördæmisins og jafnvel á fjölförnum aðalvegum. Almennt er þó viðunandi farsímasamband á helstu þéttbýlisstöðum og undanfarið hefur endurvörpum verið fjölgað, svo sem í Borgarfirði, til að bæta skilyrðin. Víða eru vaxandi sumarhúsahverfi í kjördæminu en þar er á nokkrum stöðum skert símasamband sem telst til galla við uppbyggingu svæðanna.

Í ljósi þess að víða er einhverjum atriðum ábótavant í örbylgju- eða fastlínusambandi á Vesturlandi er ekki hægt að telja það atriði sem kost, en þó heldur ekki sem galla hvað búsetuskilyrði varðar.

6.4 Hafnir

Á Vesturlandi eru nokkrar hafnir enda einkennist atvinnulíf sumra svæða af sjósókn. Þar sem hafnir eru lífæðar þessara byggðarlaga hafa þær byggst vel upp og anna þeirri útgerð sem fram fer á stöðunum. Hafnir eru á Akranesi, Grundartanga, Borgarnesi (innsigling léleg), Hellnum, Arnarstapa, Rifi, Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal og Skarðsstöð.

Hafnirnar eru misjafnlega sterkar fjárhagslega en margar hverjar ágætlega búnar til þjónustu við stærri skip og smábáta. Á stærri útgerðarstöðunum er góð þjónusta við útgerðir og fiskiðnað og því um góðar löndunarhafnir að ræða. Helstu annmarkar hafnanna eru e.t.v. takmarkaðir vaxtarmöguleikar og lítið pláss fyrir starfsemi umfram það sem rýmið í dag leyfir. Grundartangahöfn hefur sérstöðu meðal vestlenskra hafna þar sem þar fer fram viðamikil umskipun samhliða iðnaðarstarfsemi á svæðinu.

Verst búnu hafnirnar eru eðli málsins samkvæmt þar sem útgerð er lítill eða hverfandi þáttur í atvinnustarfseminni. Þar ber sérstaklega að geta Borgarneshafnar, Hellnahafnar, Arnarstapahafnar og Búðardalshafnar. Á þessum afmörkuðu svæðum teljast því hafnarskilyrði sem ókostur í búsetulegu tilliti.

Auk hlutverks hafnanna í fiskútgerð er vert að minna á mikilvægi þeirra í vexti og viðgangi ferðaþjónustu. Nokkrar hafnir á Vesturlandi þjóna mikilvægu hlutverki á því sviði og má þar nefna Stykkishólm, Ólafsvík og Akranes.

7 Niðurstöður

Samkvæmt þeirri greiningu sem farið hefur fram á ýmsum atriðum búsetuskilyrða í


Vesturlandi verða niðurstöðurnar dregnar saman í eftirfarandi töflur. Þar er hverjum þætti gefið stig eftir mikilvægi á skalanum 1-10, þar sem 1 er veigaminnst og 10 mikilvægasti þáttur búsetuskilyrðanna skv. niðurstöðum skýrslu Stefáns Ólafssonar. Staða hvers þáttar á viðkomandi svæðum er síðan metin eftir greiningunni framfar í skýrslunni. Meðaltal hvers þáttar er þá 5 miðað við landið í heild (samtals 270 stig, sjá aftasti dálkurinn). Þau svæði sem hafa undir 270 stigum má því flokka sem svæði þar sem búsetuskilyrði eru undir landsmeðaltali. Eftir því sem summutala hvers svæðis er lægri í samanburði við landsmeðaltal, því meiri líkur eru á að svæðið eða einstakir hlutar innan þess flokkist sem jaðarsvæði.

Svæði:	Akranes			Samtals (Meðaltal)
	Búsetuatriði	Mikilvægi (1-10)	Staða svæðis (1-10)	
<i>Þróun íbúafjölda</i>	5	4	20	25
<i>Aldurssamsetning</i>	3	6	18	15
<i>Einhæfni atvinnulífs</i>	10	6	60	50
<i>Sókn í framhaldsm.</i>	8	5	40	40
<i>Tekjur</i>	7	7	49	35
<i>Húshitunarkostnaður</i>	4	3	12	20
<i>Verslun og verðlag</i>	2	6	12	10
<i>Vegasamgöngur</i>	5	7	35	25
<i>Hafnir</i>	5	6	30	25
<i>Flugsamgöngur</i>	1	2	2	5
<i>Fjarskipti</i>	4	5	20	20
			298	270

Svæði:	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla			Samtals (Meðaltal)
	Búsetuatriði	Mikilvægi (1-10)	Staða svæðis (1-10)	
<i>Þróun íbúafjölda</i>	5	4	20	25
<i>Aldurssamsetning</i>	3	4	12	15
<i>Einhæfni atvinnulífs</i>	10	4	40	50
<i>Sókn í framhaldsm.</i>	8	6	48	40
<i>Tekjur</i>	7	3	21	35
<i>Húshitunarkostnaður</i>	4	4	16	20
<i>Verslun og verðlag</i>	2	5	10	10
<i>Vegasamgöngur</i>	5	3	15	25
<i>Hafnir</i>	5	2	10	25
<i>Flugsamgöngur</i>	1	3	3	5
<i>Fjarskipti</i>	4	4	16	20
			211	270

Svæði:	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla			Samtals (Meðaltal)
	Búsetuatriði	Mikilvægi (1-10)	Staða svæðis (1-10)	
<i>Þróun íbúafjölda</i>	5	4	20	25
<i>Aldurssamsetning</i>	3	4	12	15
<i>Einhæfni atvinnulífs</i>	10	4	40	50
<i>Sókn í framhaldsm.</i>	8	2	16	40
<i>Tekjur</i>	7	4	28	35
<i>Húshitunarkostnaður</i>	4	3	12	20
<i>Verslun og verðlag</i>	2	3	6	10
<i>Vegasamgöngur</i>	5	3	15	25
<i>Hafnir</i>	5	6	30	25
<i>Flugsamgöngur</i>	1	3	3	5
<i>Fjarskipti</i>	4	3	12	20
			194	270

Svæði:	Dalasýsla			Samtals (Meðaltal)
	Búsetuatriði	Mikilvægi Staða svæðis (1-10)	Mikilvægi Staða svæðis (1-10)	
<i>Þróun íbúafjölda</i>	5	1	5	25
<i>Aldurssamsetning</i>	3	3	9	15
<i>Einhæfni atvinnulífs</i>	10	3	30	50
<i>Sókn í framhaldsm.</i>	8	3	24	40
<i>Tekjur</i>	7	2	14	35
<i>Húshitunarkostnaður</i>	4	3	12	20
<i>Verslun og verðlag</i>	2	3	6	10
<i>Vegasamgöngur</i>	5	3	15	25
<i>Hafnir</i>	5	3	15	25
<i>Flugsamgöngur</i>	1	2	2	5
<i>Fjarskipti</i>	4	4	16	20
			148	270



Ef einungis er tekið mið af þeim búsetuatriðum sem fram hafa komið í þessari skýrslu eru þau hagstæðari á Akranesi í samanburði við landsmeðaltal. Önnur svæði á Vesturlandi eru talsvert undir þessu huglæga mati. Í þessu samhengi kemur Dalasýsla langverst út, en Snæfellsnes auk Mýra og Borgarfjarðarsýslu verða þó einnig að teljast jaðarsvæði. Ef grafið er túlkað má segja að búsetuskilyrði á Akranesi séu 10,4% betri en landsmeðaltal, 21,9% lakari í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 28,1% lakari í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og 45,2% lakari í Dalasýslu. Það skal þó ítrekað að hér er um mikla einföldun að ræða og aðeins horft til þeirra atriða sem tekin eru til umfjöllunar í þessari skýrslu. Kostir þessara byggðarlaga eru hins vegar margir á ýmsum sviðum og umfjöllun um þá eru útaf fyrir sig efni í mikið stærri skýrslu.